

Fréttir

Tölublað 224

Ágúst 2007

Upphaf haustannar 2007

Velkomin/n til starfa. Enn á ný hafa iðnaðarmenn farið höndum um stofur og ganga og margt breyst. Í sumar var unnið í Brekku og meðal annars er á ný hægt að komast inn í skólann frá Brekkugötu en það er gamli inngangurinn í skólann. Þar verða skógrindur og skápar í kjallaranum. Stærsta breytingin í Brekku tengist þó fjölmiðladeild sem hefur verið algjörlega endurnýjuð og svo gamla matsalnum í kjallaranum. Þar eru skápar og þar mun lestrarráðgjafinn hafa aðsetur. Mikið er búið að vinna á neðstu hæðinni í Miðhúsi og þar eru m.a. tvær nýjar stofur sem heita M103 og 104, auk þess sem stofur M106 og 107 hafa verið endurnýjaðar.

Við höldum áfram að fagna afmælum og fögnum 125 ára afmæli þess að skólinn var fyrst settur með Flensborgardegi 1. október. Þá eru 70 ár frá því Brekka var tekin í gagnið 10. október næstkomandi.

Nú eru tæplega 800 nemendur skráðir í skólann sem er enn fjölgun.


Allnokkur hópur var látinn taka sér hvíld við lok síðustu annar af ýmsum ástæðum. Við ítrekum að það er nauðsynlegt að nemendur kynni sér þær reglur sem gilda í skólanum um námsárangur, skólareglur og skólasókn. Í þeim reglum felast ýmsar leiðir til að bæta við sig einingum á einfaldan hátt. Í því samhengi minni ég sérstaklega á að skólasókn getur aflað mönnum eininga og þannig flýtt þeim leið í náminu. Þetta nýta fjölmargir nemendur sér meðan aðrir kjósa að tapa einingu og vinna upp með aukaáföngum.

Að þessu sögðu bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til starfa og vonum að ykkur farnist vel í náminu í vetur.

Hrefna Geirsdóttir




Starfsfólk Flensborgarskólans býður
þig velkomin/n til starfa á ný



Passaðu dótið þitt

Því miður hefur aðeins borið á því á að þjófur hafi verið á ferð í skólanum. Það er tvennt sem þarf að skoða í þessu. Annað er að þú verður að passa dótið þitt. Þú getur leigt skáp fyrir hlutina þína og þú verður að passa að skilja ekki eftir verðmæti án þess að með þeim er fylgst.





Hitt er að við verðum að hjálpast að við að koma í veg fyrir þjófnaði því við viljum að skólinn sé öruggur staður fyrir okkur.

KÓR FLENSBORGARSKÓLANS

Kór Flensborgarskólans er einn af bestu skólakórum landsins í dag. Tónleikaferðir innanlands og utan eru stór þáttur í starfi hans og er þátttaka í kórstarfinu metin til 3ja eininga á ári. 75 nemendur voru í Kór Flensborgarskólans á síðustu önn .

Upplýsingar um skráningu eru á baksíðu blaðsins!





Starfsmenn

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp allflestir starfsmenn í skólanum, skammstöfun á nafni þeirra eins og hún birtist á stundatöflum nemenda, kennslugreinar þeirra á haustönn 2007 eða störf. Netföngin má finna á heimasíðu skólans.

| Starfsmaður | Námsggr/starf |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| Adda María Jóhannsdóttir | AJ ENS, |
| Anna Kristín Brynjólfsdóttir | AB STÆ, LAT |
| Anna Guðrún Magnúsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Anný Gréta Þorgeirsdóttir | AGÞ NÁT, JAR |
| Axel Pétur Gylfason, | APG Kerfisstjóri |
| Ása Katrín Hjartardóttir | ÁS DAN, LKN |
| Ásdís Unnur Bergþórsdóttir | Ræsting |
| Ásrún Óladóttir | ÁÓ LAN |
| Ásta Kristín Pálmadóttir | AK STÆ |
| Baldur Hermannsson | BH EÐL, NÁT |
| Bergljót Gunnlaugsdóttir | BE Bókasafnsvörður |
| Birgir Loftsson | BL SAG |
| Bryndís Jóna Jónsdóttir | BJ Námsráðgjafi, LOK |
| Bryndís Símonardóttir | BS Starfsbraut |
| Dagrún Steinunn Ólafsdóttir | DSÓ STÆ, NÁT |
| Danielle Bisch | DAB STÆ |
| Díana Guðjónsdóttir | DG Íþróttagreinar, LKN |
| Edda Guðgeirsdóttir | EG Íþróttagreinar |
| Einar Birgir Steinþórsson | EBS Skólameistari |
| Elsa Anna Bakkmann Bessadóttir | EB Bókavörður |
| Erla Sigríður Ragnarsdóttir | ER SAG, FÉL |
| Eva Björk Jónudóttir | EBJ DAN, félagslífstengill |
| Eygló Hjaltadóttir | EH Fjármálastjóri |
| Eygló Jónsdóttir | EYJ LEI |
| Fjóla Rögnvaldsdóttir | FR MYN |
| Friðrik Ó Júlíusson | FJ STÆ |
| Guðmunda Anna Birgisdóttir | GB SÁL, UPP |
| Guðmundur Garðar Brynjólfsson | GGB ÍÞR |
| Guðný Árnadóttir | GA FRA |
| Guðný Kristmundsdóttir | GK Mötuneyti |
| Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir | GÁG Fjölmiðlagreinar, sviðsstjóri |
| Guðrún <u>Sóley</u> Gunnarsdóttir | GSG STÆ |
| Guðrún Hafdís Eiríksdóttir | GHE STÆ, LKN |
| Guðrún Jónsdóttir | GJ ENS |
| Guðrún Ósk Barðadóttir | Ræstingarstjóri |
| Hafdís Ólafsdóttir | HÓ Mötuneyti |
| Halldór Árni Sveinsson | HA Fjölmiðlagreinar |
| Halldóra Jóhannsdóttir | HJ EFN, NÁT |
| Helgi Guðmundsson | HG ÍSL |
| Hildigunnur Guðlaugsdóttir | HIG Skrifstofa |
| Hildur Einarsdóttir | HD EFN, NÁT |
| Hjördís G Bergsdóttir | HJB Starfsbraut |
| Hólmfríður Sigþórsdóttir | HSI NÁT, LÍF |
| Hólmfríður Þórisdóttir | HÞ ÍSL |
| Hrafnhildur Blomsterberg | HB Kórstjóri |
| Starfsmenn—framhald | |

Starfsmaður

Hrafnhildur R Józefsdóttir
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson
Hrefna Geirsdóttir
Hrefna Steinarsdóttir
Hreinn Sæmundsson
Jóhann Guðjónsson
Júlía Tan Kimsdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Kristján Rafn Heiðarsson
Lilja Héðinsdóttir
Magnús Gíslason
Magnús Þorkelsson
Margrét Jóhanna Böðvarsdóttir
María Halldóra Alexandersdóttir
Matthildur K Friðjónsdóttir
Ólína Rakel Þorvaldsdóttir
Pálfríður Bjarnadóttir
Ragnheiður H Kristjánsdóttir
Sigríður Ragna Birgisdóttir
Sigríður Petra Friðriksdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Sigurbjörg Anna Guðnadóttir
Sigurbjörg Sigurðardóttir
Sigurbjörn Bragason
Sigurður B Jónsson
Símon Jón Jóhannsson
Snædís Baldursdóttir
Sólveig Ágústsdóttir
Stefán Örn Valdimarsson
Svana Björk Karlsdóttir
Sveinn Þórðarson
Tamara Iljinichna Soutourina
Torfi Kristinn Kristinsson
Unnar Örn Þorsteinsson
Viðar Hrafn Steingrímsson
Þiðrik Kristján Emilsson
Þórunn Andrésdóttir

Námsgr/starf

HR Starfsbraut
HTK FÉL, LKN
HRE Aðstoðarskólameistari
HST ÍSL, LKN
HS Húsvörður
JG LÍF, NÁT
JTK Námsráðgjöf
KM FÉL, LKN
KRH MAT
LH ENS
MG FÉL, TÖL
MÞ Aðstoðarskólameistari (leyfi), SAG
MB ÞÝS
Ræsting
Ræsting
ÓÞ Bókavörður
PB Mötuneyti
RK DAN, LKN, sviðsstjóri
SRB SPÆ, LKN
SF JAR, Námsferilsstjóri
Ræsting
SA STÆ, sviðsstjóri
SIG Skrifstofa
SB Viðskiptagreinar TÖL
SJ ÞÝS
SJJ ÍSL
SNB ÍSL, HMN
SÁ Skólafulltrúi
SV HAG, BÓK, HAV
SBK Starfsbraut
SÞ ÍSL
TS ENS
TK Áfangstjóri, TÖL
UP ENS, LKN
VHS DAN
ÞE Fjölmiðlagreinar
TA Starfsbraut

Nemendur eru minntir á að sýna öllum starfsmönnum virðingu og kurteisi.

Hægt er að finna netföng starfsmanna á heimasíðu skólans.

Ef leitað er að kennara þá má fara á kaffistofuna eða snúa sér til skrifstofunnar.

Á pallinum framan við skrifstofu eru póstkassar þar sem setja má gögn sem berast eiga kennurum.

Skiptibókamarkaður

Opnunartími verður auglýstur sérstaklega.

Við hvetjum þig til að nýta skiptibókamarkaðinn

Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum á auglýsingatöflu skólans.

Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum LKN 112/122, MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

- LKN 112/122 kr. 2.000
- MAT kr. 6.500
- MYN kr. 3.500.

Innifalið í gjaldi fyrir LKN er mappa sem fæst hjá kennara gegn framvísun kvittunar frá skrifstofu

**Sendir hafa verið út greiðsluseðlar til
að innheimta endurinnritunargjöld**

Að hætta í áfanga á önninni

Á töflubreytingartíma til **27. ágúst** er hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða endurinnritunargjald. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða gjald við upphaf næstu annar.

Gjaldið er 500 kr. fyrir hverja námseiningu. Nemandi sem ákveður að hætta í þriggja eininga áfanga þarf því að greiða 1500 kr. Úrsögnin fer þannig fram að að nemandinn sækir eyðublað á skrifstofu skólans og skilar því síðan útfylltu til síns umsjónarkennara í viðtalstíma hans. **Fjarvistir í viðkomandi áfanga halda áfram að telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest af umsjónarkennara.**

Eindagi til að segja sig úr áfanga á haustönn 2007 er

1. september

Nemendur sem telja sig þurfa að hætta í áfanga eftir að frestur er útrunninn verða að leita til námsráðgjafa og fá samþykki skólaráðs fyrir úrsögn. Ekki er hægt að skrópa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vændum.

DRAUPNIR - útgáfustjórn

Á hverjum vetri er mynduð útgáfustjórn Draupnis í samvinnu NFF og skólans. Meðal verkefna er að ritstýra blaðinu, afla auglýsinga, skipuleggja það og taka myndir af nemendum og kennurum í Flensuna sem fylgir með. Blaðinu er síðan dreift til nemenda og víðar.

Ef þú vilt vera með í þessu skemmtilega verkefni þá skaltu hafa samband við Guðrúnu Ágústu (Rúnu) í fjölmiðladeild beint eða í netfangið runa@flensborg.is. Verkefnið er áfangi og stendur í allan vetur.

Fartölvur/lykilorð/skápar

Hægt er að vera með fartölvur og tengjast þráðlausu neti í skólanum. Það gildir um þá sem eru með notendanöfn á neti skólans. Reglur gilda um fartölvur í kennslustundum og kennara er heimilt að krefjast þess að þær séu settar niður.

Nánast allir geta fengið aðgang að skápum. Þar er hægt m.a. að geyma skó. Þetta verður auglýst.

Ef endurnýja þarf lykilorð að skólanetinu, Námsnetinu og INNU þá má snúa sér til skrifstofunnar. Hægt er að senda tölvupóst en þá eingöngu úr netföngum skólans (nff.is). Ekki eru send lykilorð á netföng s.s. Hotmail, gmail, visir.is o.s.frv.

Breytingar á starfsliði skólans


Þetta haustið eru allnokkrar breytingar í gangi. Í fyrsta lagi hefur Geir Hallsteinsson látið af störfum eftir langan og farsælan starfsferil. Þetta eru mikil kaflaskipti í sögu skólans enda hefur Geir starfað einna lengst allra við skólann frá upphafi. Að auki lét Gerður Steinþórsdóttir af störfum í vor. Björg Ólínudóttir hættir, ásamt Eyrúnu Huld Haraldsdóttur, Jónu Valborgu Árnadóttur og þeim stuðningsfulltrúunum Brynju Sigurjónsdóttur og Dagnýju Tómasdóttur. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir störf þeirra. Inga Jóna Þórisdóttir er í barneignaleyfi, Þórdís Ólafsdóttir er í veikindaleyfi, Sísí (Sigríður Friðriksdóttir) í veikindaleyfi þó hún sinni verkefnum fyrir okkur og Jón Barðason er í orlofi. Þá fara þau Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sigrún Knútsdóttir og Magnús Þorkelsson í launalaust leyfi í eitt ár.

Aftur snúa þau Eva Björk Jónudóttir, Hólmfríður Sigþórsdóttir og Símon Jón Jóhannsson. Hann kemur frá námi í Noregi, Eva úr leyfi og Hólmfríður úr barneignaleyfi.

Margir nýir kennarar og starfsmenn koma til starfa af þessum sökum en einnig vegna fjölgunar í skólanum. Þeir eru: Anný Gréta Þorgeirsdóttir, jarðfræði/NÁT; Ásrún Óladóttir, landafræði, Birgir Loftsson, saga, Bryndís Símonardóttir, starfsbraut; Edda Guðgeirsdóttir og Guðmundur Garðar Brynjólfsson, íþróttir; Júlía Tan Kimsdóttir, námsráðgjöf; Sigríður Ragna Birgisdóttir, spænska; Sigurbjörg Sigurðardóttir, skrifstofa, Snædís Baldursdóttir, íslenska, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, stærðfræði, Anna Guðrún Magnúsdóttir, stuðningsfulltrúi og Sigurbjörn Bragason viðskiptagreinar og tölvur.

Skóreglan!

Allir nemendur og starfsmenn eiga að nota inniskó í skólanum.



Skóreglan gekk vel í fyrra og við vonum að það haldi áfram.

Ath. einungis eru tveir inngangar að skólanum og reglan gildir um báða.

Mötuneyti

Í mötuneyti skólans verður í boði heitur matur, salat, ávaxtabakkar, skyr „boost“, jóguúrt, langlokur og samlokur.

Mötuneytið verður lokað milli 10.30 og 10.50 og aftur milli kl. 13.30 og 13.45. Ekki verður heimilt að bera burtu borðbúnað og gengið verður eftir því að fólk gangi frá eftir sig á borðunum. Við verðum að muna að við erum í nýju og glæsilegu húsnæði og því þarf að sýna virðingu. Umgengnisreglur verða birtar og þeim verður framfylgt.

Hafdís Ólafsdóttir, matráðskona stjórnar mötuneytinu og með henni þær Guðný Kristmundsdóttir, sem lengi hefur starfað í eldhúsi NFF og Pálfríður Bjarnadóttir.

Skólasókn—lestu þetta vel!

Taktu eftir því að breytingar voru gerðar á meðferð vottorða fyrir næsta vetur. Skoðuðu vef skólans vandlega til að sjá þær breytingar.

Sjá www.flensborg.is/Skolinn/Reglur/Skolasokn/

Einnig að ef þú ert fædd/ur 1985 eða fyrr þá gildir þessi regla: Um nemendur sem eru 21 árs eða eldri í upphafi ársins (á haustönn 2007 eru það nemendur fæddir 1985 og fyrr) gildir að þeir eru undanþegnir skólasóknarreglum en í kennsluáætlunum einstakra áfanga koma fram ákvæði um lágmarksmætingu og verkefnaskil. Þeir verða þó að ganga frá sínum málum við fjarvistastjóra ef þeir vilja nota þennan rétt.


Það er nóg af bílastæðum.

Vöndum okkur við að leggja og virðum reglur. Bílar sem lagt er ólöglega verða dregnir burtu eftir að viðvörðun hefur verið veitt.



Algjörlega er bannað að leggja á göngustíga og þannig að þjónustubílar komist ekki að inngöngum.





FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM P-NÁM RENNUR ÚT 27. ágúst

Niðurstaðan verður birt 3. september.
P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/
kennara fyrir 21. september til að ganga frá
samningi annars dettur heimild um P-nám niður.

**Heildarfjöldi nemenda sem getur fengið P-nám
er takmarkaður.**

Reglur um P-nám

I. Skilyrði fyrir P-námi

- 1 Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
- 2 Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
- 3 Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

II. Takmarkanir á P-námi

- 4 Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
- 5 Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
- 6 Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.

7 Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.

III. Framkvæmd á P-námi.

- 8 P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir **21. sept.**
- 9 Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlok. **P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

Hraðtafla **miðvikudaginn 22. ágúst**

| Tími í dag: | Tími vanalega: | Stokkur: |
|--------------------|-----------------------|-----------------|
| 9.05-9.30 | Mánudagur kl. 8.05 | A |
| 9.35-10.00 | Mánudagur kl. 9.10 | B |
| 10.05-10.30 | Mánudagur kl. 10.30 | C |
| 10.35-11.00 | Mánudagur kl. 11.35 | F |
| 11.15-11.40 | Mánudagur kl. 13.05 | Z |
| 11.45-12.10 | Mánudagur kl. 14.15 | Y |
| 12.15-12.40 | Mánudagur kl. 15.20 | X |
| 12.45-13.10 | Þriðjudagur kl. 10.30 | G |

Stokkataflan

Hér fyrir neðan er birtur sá rammi sem stundaskráin er gerð eftir og kallast stokkatafla. Eldri nemendur athugi breytingu á frímínútum í hádegi og næsta tíma á eftir.



| Tíminn | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---------------|-----|--------|----------------|-----|-----|
| 8:05 - 9:05 | A | Fundur | Z | A | C |
| 9:10 - 10:10 | B | X | Y | B | F |
| 10:30 - 11:30 | C | Y | G | C | G |
| 11:35 - 12:35 | F | G | C | F | X |
| 13:10 - 14:10 | Z | F | B | G | Z |
| 14:15 - 15:15 | Y | A | A | X | Y |
| 15:20 - 16:20 | X | B | Umsj.- tími | Z | |

Töflubreytingar

Hægt er að sækja um að fá breytingu á stundatöflum 20., 21. og 22. ágúst. Þú skráir þig í viðtal og talar við starfsmann skólans. Mánudaginn 27. ágúst kemur í ljós hvort breytingin fæst samþykkt.

Tímar eru sem hér segir:

20. ágúst kl. 12-15.30.

21. ágúst kl. 9-12 og 13-15.30

22. ágúst kl. 13-15.30.

KÓR FLENSBORGARSKÓLANS

Nýnemar:

Skráning fyrir inntökupróf fer fram í setustofu framan við Hamarssal þriðjudaginn 21. ágúst kl. 10:30 til 13:30.

Eldri nemendur:

Inntökupróf kórsins verða í stofu H101 miðvikudaginn 22. ágúst kl. 13:10 til 14:00 og fimmtudaginn 23. ágúst kl. 12:30 til 14:30

Upphaf skólaársins

- ⇒ Stundatöflur verða afhentar mánudag 20. ágúst og þriðjudag 21. ágúst og þá eru einnig innheimt ógreidd gjöld.
- ⇒ Kynning fyrir nýnema—nemendur sem koma úr 10. bekk—verður mánudaginn 20. ágúst, kl. 10:00
- ⇒ Skólinn verður settur miðvikudaginn 22. ágúst kl. 8.15 og kennt verður skv. hraðtöflu frá kl. 9.05-13.10.
- ⇒ Kennt skv. stundatöflu frá fimmtudegi 23. ágúst.